



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA

# Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019

---

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur .....	2
2	Leiðarljós .....	3
3	Framtíðarsýn .....	3
4	Staða landshlutans 2015 .....	4
5	Nýsköpun og Atvinnuþróun .....	6
5.1	Stefna og megináherslur .....	6
5.2	Markmið og aðgerðir .....	6
6	Lýðfræðileg þróun .....	7
6.1	Stefna og megináherslur .....	7
6.2	Markmið og aðgerðir .....	7
7	Mannauður .....	8
7.1	Stefna og megináherslur .....	8
7.2	Markmið og aðgerðir .....	8
8	Menningarmál.....	9
8.1	Stefna og megináherslur .....	9
8.2	Markmið og aðgerðir .....	9
9	Samantekt.....	10
10	Viðaukar .....	10
10.1	Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum .....	10
10.2	Norðurland vestra – Stöðugreining 2014 (Byggðastofnun) .....	10



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

## 1 INNGANGUR

Sóknaráætlun Norðurlands vestra fyrir árin 2015 til 2019 er byggð á samkomulagi sem undirritað var í Reykjavík þann 10. febrúar 2015. Áætlunin er unnin af starfsmönnum og stjórn SSNV. Sóknaráætlunin byggir, eðli málsins samkvæmt, á tölulegum gögnum og stöðumati landshlutans og hefur sú greining verið unnin af Byggðastofnun. Að auki hefur verið stuðst við Menningarstefnu svæðisins, gögnum þjóðfundar á Norðurlandi vestra og eldri vaxtar og menningarsamningum.

Við gerð áætlunarinnar var skipaður 32 manna samráðsvettvangur. Skipting milli svæða í samráðsvettvanginn var sem hér segir.

### **Skipun fulltrúa í gerð sóknaráætlunar fyrir starfssvæði SSNV**

Sveitarfélag	Íbúar	Hlutfall íbúa	Fast	Íbúatengt	Samtals		
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.910	55%	1	3	4		
Akrahreppur	194	3%	1	0	1		
Blönduós bær	861	12%	1	1	2		
Sveitarfélagið Skagaströnd	488	7%	1	1	2		
Skagabyggð	99	1%	1	0	1		
Húnavatnshreppur	414	6%	1	1	2		
Húnaþing vestra	1.171	16%	1	2	3		
Samtals	7.137	100%	7	8	15		
						Alls	%
Skagafjarðarsýsla	4.104	58%	9		9	14	43,8%
Austur Húnavatnssýsla	1.862	26%	4		4	11	34,4%
Vestur Húnavatnssýsla	1.171	16%	4		4	7	21,9%
Samtals	7.137	100%	17		17	32	100,0%

Þann 10. júní 2015 í félagsheimilinu Miðgarði. Fundinn sóttu 60 einstaklingar frá starfssvæði SSNV með m.a. bakgrunn frá atvinnulífi, menningarstofnunum, sveitarstjórnnum og rannsóknarsetrum. Á fundinum var farið í hópavinnu þar sem stefna landshlutans í Menningarmálum, Nýsköpun- og atvinnumálum, Uppbyggingu mannauðs og Lýðfræðilegri þróun svæðisins voru gerð skil.

Þann 30 júní var fyrirliggjandi áætlun samþykkt af stjórn SSNV og verður henni fylgt eftir af samráðsvettvangi, stjórn og starfsmönnum SSNV.



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

## 2 LEIÐARLJÓS

Árið 2025 verði á Norðurlandi vestra auðugt mannlíf, öflugt menningarlíf og svæðið þekkt sem góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk þar sem saman fer næg atvinna, blómlegt menningarstarf og fjölbreytt framboð náms og starfa. Þá verði Norðurland vestra þekkt fyrir menntastefnu sem leggur áherslu á nýsköpun frá leikskólaaldri auk þess sem boðið verði upp á nám sem byggir á nýtingu auðlinda svæðisins og þeim tækifærum sem til staðar eru.

Litið verði á Norðurland vestra sem eina heild við skipulag og uppbyggingu atvinnu, menningar og menntunar. Áhersla verði lögð á samstarf og samvinnu, samnýtingu starfskrafta og eflingu trausts innan landshlutans.

Þá verði ímynd svæðisins jákvæð og landshlutinn þekktur fyrir framúrskarandi stuðning við atvinnulíf, menningu og menntastofnanir. Auðlindir þess og tækifæri verði vel þekkt, bæði innan sveitar og utan. Allt þetta byggist á ríkum mannauði, góðri menntun, líflegu menningarstarfi, nálægð við ósnortna náttúru, gnægð af hreinu vatni, úrvals aðstæðum fyrir landbúnað, matvælavinnslu og ferðapjónustu og góðri landfræðilegri stöðu í alfaraleið.

## 3 FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2025 hafi íbúum á Norðurlandi vestra fjölgað og fjölbreytni í atvinnulífi aukist, þá einkum störf fyrir menntað fólk af báðum kynjum. Hér séu góðar samgöngur og almennt sterkir innviðir sem styrkja samfélagið og alla uppbyggingu þess. Ferðapjónustan stendur styrkari stoðum og fjöldi þeirra sem nýta svæðið sem áfangastað fremur en áningarstað hefur vaxið. Orka sem framleidd er á svæðinu sé nýtt til atvinnuuppbyggingar í heimahéraði.

Á Norðurlandi vestra sé menntunarstig sambærilegt landsmeðaltali, menningarstarfsemi standi í blóma og tækifærum á sviði lista og skapandi greina hafi fjölgað.



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

## 4 STAÐA LANDSHLUTANS 2015

Svæði sóknaráætlunar Norðurlands vestra nær yfir 13.091 km<sup>2</sup>, þar af eru 4.041 km<sup>2</sup> eða 30,9% undir 200 m.y.s. Svæðið er samfallandi með starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSVN, en þar eru sjö aðildarsveitarfélög með alls 7.137 íbúum, sbr. tölur Hagstofunnar 1. janúar 2015.

2015	
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.910
Húnaþing vestra	1.171
Blönduósþéttbær	861
Sveitarfélagið Skagaströnd	488
Skagabyggð	99
Húnavatnshreppur	414
Akrahreppur	194
<b>Alls</b>	<b>7.137</b>
Mannfjöldi 1. janúar 2015	

Íbúum á Norðurlandi vestra hefur frá árinu 1990 fækkað stöðugt eða um rúmlega 1600 manns. Í upphafi árs 2015 bjuggu í landshlutanum aðeins um 2% landsmanna en voru um aldamótin 1900 um 11% allra landsmanna. Fækkunin hefur átt sér stað á öllu svæðinu, fyrst í Húnavatnssýslum en nú síðustu ár líka í Skagafirði. Mest hefur fækkunin orðið í aldurshópnum 0-39 ára.

Ítarlega samantekt, sem unnin var af Byggðastofnun um stöðu landshlutans 2014, má finna sem fylgiskjal með Sóknaráætlun þessari, Sjá Viðauka 2.



## SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

Norðurlandi vestra má skipta í tvennt vegna hefðar og landslags; Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Vegalengdir eru þó ekki langar miðað við aðra landshluta og engir háir fjallvegir á milli byggða. Þungamiðja svæðisins er við Skaga, með Blönduós, Skagaströnd og Sauðárkrók á sama svæði fyrir daglega vinnusókn og til austurs frá Sauðárkróki er dagleg vinnusókn milli Sauðárkróks, Hofsóss og Hóla í Hjaltadal. Norðurland vestra er landbúnaðarsvæði en einnig byggðist upp öflug útgerð á Skagaströnd og Sauðárkróki. Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun, ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma.

Hlutfall kynjanna er nokkuð jafnt í landshlutanum, þótt karlar teljist aðeins fleiri en konur á flestum svæðum að Húnaþingi vestra undanskildu. Aldursamsetning svæðisins er áhyggjuefni þar sem fækkað hefur ört í aldurshópnum undir fimmtugu og fjölgað í hópnum þar yfir. Búferlaflutningar eru algengir og fjöldi brottfluttra umfram aðflutta um 1800 manns á árunum 1994-2014. Menntunarsstig svæðisins er frekar lágt og er samanburður við landsmeðaltal yfirleitt neikvæður nema hvað iðnnám karla varðar en þar er hlutfallið hærra en landsmeðaltal. Mun færri karlmenn sækja sér háskólamenntun frá þessu svæði en landsmeðaltalið gefur upp auk þess sem konurnar ná heldur ekki að fylgja meðaltalinu þótt ekki sé munurinn eins mikill og hjá körlunum. Í landshlutanum er háskólastofnun, Háskólinn á Hólum og framhaldsskóli, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Einnig er starfandi á svæðinu símenntunarmiðstöð, Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, tónlistarskólar, auk fjölmargra grunn- og leikskóla.

Útsvarstofn svæðisins er lægri en landsmeðaltal og hefur verið það um tíma, sbr. tölur Hagstofunnar 2007-2014. Atvinnuleysi er lítið á svæðinu en sú staðreynd getur að einhverju leyti endurspeglast af þeim brottflutningi sem áður var nefndur.

Atvinnulíf á Norðurlandi vestra einkennist að miklu leyti á framleiðslu hráefna og frumvinnslu þeirra. Hlutfallsskipting atvinnuvega sýnir glögglega mikilvægi landbúnaðar og sjávarútvegs fyrir landshlutann. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar frá árinu 2011 er hlutur þessara atvinnugreina á Norðurlandi vestra mun hærri en landsmeðaltal. Opinber þjónusta og byggingariðnaður voru einnig hærri en almennt gerist á landinu skv. þeim tölum. Þó ber að geta þess að einhverjar breytingar hafa orðið síðan síðustu tölur voru teknar saman. Hagvöxtur svæðisins hefur heldur ekki fylgt landsmeðaltali.

Öflugt og kraftmikið menningarstarf á sér stað á Norðurlandi vestra, hefur menningarsamningur landshlutans við ríkið, frá árinu 2007, haft þar mikið að segja og fjölmörg verkefni hlotið styrki fyrir tilstuðlan hans. Sveitarfélögin sjö hafa einnig sameinast um menningarstefnu fyrir landshlutann. Stefna þessi fylgir með sem viðauki með þessari áætlun.



## 5 NÝSKÖPUN OG ATVINNUÞRÓUN

### 5.1 Stefna og megináherslur

Norðurland vestra verði vel í stakk búið til að taka á móti fyrirtækjum, stórum jafnt sem smáum, sem hingað vilja koma með sína starfsemi. Áfram verður leitast við að laða að/og skapa á svæðinu starfsemi sem krefst háskóla- og/eða tæknimenntaðra starfsmanna í því skyni að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegt er að skapa hér eftirsóknarverð og vel launuð störf fyrir menntað vinnuafli af báðum kynjum. Sérstaklega verði horft til þeirra möguleika sem svæðið býður uppá frá náttúrunnar hendi, nýtingu orku, ferðaþjónustu, landrýmis og þekkingar á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Þá er einnig mikilvægt að vinna að virðisaukningu þeirrar hrávöru sem hér er framleidd. Stuðningur við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu er mikilvægur svo Norðurland vestra geti talist ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring en það er forsenda þess að hér skapist störf í greininni utan háannar.

Gæta þarf vel að samkeppnishæfni landshlutans og treysta þarf þá innviði sem eru forsenda uppbyggingar á svæðinu, þ.m.t. uppbyggingu vega- og flutningskerfis, almenningsgangna, fjarskiptakerfis, hita- og raforkukerfis og fleiri þátta sem stuðlað geta að samkeppnishæfni landshlutans í atvinnumálum.

Norðurland vestra þarf á öflugu kynningarstarfi og samhæfðu markaðsátaki að halda. Samræma þarf aðgerðir í markaðssetningu og ímyndarsköpun. Svæðið þarf að kynna sem eftirsóknarverðan búsetukost og gott rekstrarumhverfi fyrirtækja, bæði fyrir þá sem laða á hingað, sem og þá sem hér eru fyrir, en íbúar svæðisins eru mikilvægir talsmenn þess.

### 5.2 Markmið og aðgerðir

- ✓ Kynna þarf betur ívilnanir til fyrirtækja sem í boði eru af hálfu sveitarfélaganna, t.a.m. í formi afsláttar af lóðarleigu, gatnagerðargjöldum, fasteignagjöldum og öðru því sem sveitarfélögin stýra og stutt getur við uppbyggingu landshlutans.
- ✓ Ráðast þarf í markvissa kynningu og mótun ímyndar fyrir Norðurland vestra sem búsetukosts. Stuðla þarf að uppbyggingu ímyndar hjá íbúum svæðisins, svo rödd þeirra út á við sé jákvæð og lituð af þeim fjölmörgu kostum sem svæðið hefur uppá að bjóða.
- ✓ Ráðast þarf í markvissa kynningu landshlutans sem ákjósanlegs svæðis til atvinnuuppbyggingar sem og áhugaverðs áfangastaðar fyrir ferðamenn.
- ✓ Styðja þarf við og styrkja þá starfsemi og styrkleika sem fyrir eru á svæðinu, t.d. með nýsköpun og fullvinnslu í landbúnaði og sjávarútvegi og hvetja jafnframt til nýsköpunar í ferðaþjónustu og öðrum greinum atvinnulífsins.
- ✓ Stuðla þarf að því að fjölga hlutfallslega störfum sem snúa að rannsóknum, þróun, tækni og skapandi greinum.
- ✓ Þrýsta þarf á stjórnvöld að vinna betur að uppbyggingu þeirra innviða landshlutans sem eru á ábyrgð ríkisins, s.s. bættra samgangna og opnun fluggáttar á Norðurlandi, ásamt því að styrkja búsetu á landsbyggðinni, t.d. með skattaívilnunum eða öðrum sértækum aðgerðum sem ríkið getur beitt sér fyrir.



## 6 LÝÐFRÆÐILEG ÞRÓUN

### 6.1 Stefna og megináherslur

Mikilvægt er að stemma stigu við þeirri neikvæðu íbúapróun sem átt hefur sér stað á Norðurlandi vestra. Unnið verði að því að fólk flytjist í minna mæli burt en hefur verið, brottfluttir snúi til baka og aldursskipting íbúanna hætti að þokast í átt til sífellt hærri meðalaldurs. Þá skal stefnt að því að Norðurland vestra verði ákjósanlegur staður fyrir fjölskyldufólk með tilliti til þjónustu við barnafólk og jafnframt eftirsóknarverður staður fyrir fólk sem vill byggja upp atvinnustarfsemi á svæðinu.

### 6.2 Markmið og aðgerðir

- ✓ Kynna börnum og ungmennum á svæðinu þau tækifæri sem svæðið hefur uppá að bjóða, styrkleika þess, auðlindir og stoðkerfi.
- ✓ Vinna að því að ungt fólk beri jákvæðar taugar til svæðisins og hafi hug á því að festa hér rætur með sínar fjölskyldur.
- ✓ Stuðla að því að fegrun umhverfisins og gera svæðið aðlaðandi fyrir íbúa og gesti.
- ✓ Skapa þarf jákvæða ímynd svæðisins sem ákjósanlegan búsetukost og áhugaverðs áfangastaðar.
- ✓ Styðja þarf við þátttöku almennings í samfélagsstarfi og auka samkennd og samfélagslega ábyrgð.





## 7 MANNAUÐUR

### 7.1 Stefna og megináherslur

Stefnt er að því að hækka menntunarstig á Norðurlandi vestra og að atvinnuframboð fyrir menntað fólk aukist til muna. Boðið verði upp á nám sem nýtir auðlindir og tækifæri landshlutans. Norðurland vestra verði eftirsóknarvert fyrir menntað fólk til búsetu og atvinnu og þekkt fyrir menntastefnu sem leggur áherslu á nýsköpun allt frá leikskólaaldri.

### 7.2 Markmið og aðgerðir

- ✓ Endurskoða þarf menntastefnu og horfa á hana heildstætt frá leikskóla og upp úr.
- ✓ Stuðla þarf að fjölbreytilegra námsframboði í fjarnámi á framhalds- og háskólastigi og skoða í því sambandi möguleika á frekara samstarfi landshlutans við háskólastofnanir.
- ✓ Auka þarf atvinnuframboð á svæðinu fyrir menntað fólk.
- ✓ Leggja ber áherslu á að fyrirbyggja brottfall úr framhaldsskólum.
- ✓ Tryggja þarf nægt fjármagn til reksturs menntastofnana, svo þær geti sinnt hlutverki sínu enn betur.
- ✓ Skoða þarf leiðir til að nýta náttúru, sögu og umhverfi við nám og kennslu og kynna betur hvernig nýta má þessar auðlindir til atvinnusköpunar á svæðinu.
- ✓ Efla þarf frumkvæði og ýta undir nýsköpun frá leikskólaaldri.
- ✓ Efla ber vitund samfélagsins um mikilvægi menntunar.
- ✓ Leggja þarf áherslu á fjölgun starfa tengdum rannsóknum, tækni og vísindum.



## 8 MENNINGARMÁL

### 8.1 Stefna og megináherslur

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra stefna að því að efla menningarstarf á svæðinu og leggja með því áherslu á að öflugt menningarlíf sé mikilvægur þáttur í því að skapa góð atvinnu- og búsetuskilyrði. Áhersla er lögð á eflingu rannsókna tengdum menningararfi og menningarminjum og þær gerðar sýnilegri. Stefnt er að því að menningarleg, söguleg og náttúruleg sérstaða fái að njóta sín. Styðja skal við menningarhátíðir og tryggja gott aðgengi að faglegri aðstoð við framkvæmd menningarviðburða og verkefna á sviði menningar og lista. Stefnt er að því að auðvelda almenningi aðgang að margvíslegum listviðburðum og góð aðstaða sé til listsköpunar, sýninga og annarrar menningarstarfsemi.

Litið er á Norðurlandi vestra sem eina heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs. Áhersla er lögð á samstarf og samvinnu, samnýtingu starfskrafta og eflingu trausts og tengsla milli þeirra aðila er standa að menningarmálum.

Líta skal til sameiginlegrar stefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra í menningarmálum, sjá Viðauka 1.

### 8.2 Markmið og aðgerðir

- ✓ Efla þarf listmenntun, m.a. með stuðningi við listnámsbraut FNV.
- ✓ Auka þarf aðgengi listamanna að menningarhúsnæði og nýtingu þeirra, t.d. sem æfingarhúsnæði.
- ✓ Efla þarf barna- og unglíngastarf í menningu og listum, t.d. með stuðningi við grunn- og framhaldsskóla.
- ✓ Efla ber menningartengda ferðapjónustu og tengsl menningarstarfs við markaðssetningu ferðapjónustu á svæðinu.
- ✓ Efla upplýsingaflæði um allt Norðurland vestra um þá viðburði sem eru í gangi.
- ✓ Styðja þarf vel við frumkvöðlastarf og nýsköpun í menningarmálum.
- ✓ Efla þarf tengsl við ungt fólk af svæðinu sem hefur menntað sig í menningu og listum og hvetja það til að taka þátt í menningarstarfi í landshlutanum.
- ✓ Vinna að því að fjölga starfandi listamönnum á svæðinu, auka stuðning við liststarfsemi og listsköpun og kynningu á þeim listamönnum sem starfa á svæðinu og verkum þeirra.
- ✓ Stuðla þarf að auknu alþjóðlegu og innlendu samstarfi.
- ✓ Styðja þarf við samstarf menningarstofnana, áhugafólks, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga á sviði menningar og lista.
- ✓ Unnið verði að kortlagningu skapandi greina og menningarlífs og þannig lagt mat á núverandi stöðu og umfang skapandi greina á Norðurlandi vestra og samfélagslegu og efnahagslegu vægi þeirra.
- ✓ Kanna þarf forsendur og vilja þess að halda Listahátíð Norðurlands vestra



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

## 9 SAMANTEKT

Eins og áður hefur komið fram, byggir sóknaráætlun Norðurlands vestra á upplýsingum frá samráðsvettvangi sem haldinn var þan 10. júní sl., auk fyrirbyggjandi gagna um starfssvæði SSVN og þróunar þess.

Það er okkar von að þau forgangsverkefni sem ráðist verður í verði til þess falinn að auka sýnileika svæðisins og efla búsetuskilyrði á svæðinu.

## 10 VIÐAUKAR

### 10.1 Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum

<http://ssnv.is/Portals/62/Skjol/Menningarstefna%20sveitar%C3%A9laga%202011.pdf>

### 10.2 Norðurland vestra – Stöðugreining 2014 (Byggðastofnun)

<http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraetlun/nordurland-vestra.-stodugreining-2014.pdf>